

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. júní 2024
Málsnúmer: 202406-0010
LA

Efni: Umsögn um leyfi til yfirborðsrannsókna á jarðhita í landi Efri-Reykja og nágrennis, Bláskógabyggð.

Vísað er í erindi frá Orkustofnun frá 6. júní 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Efri Reykjaorku ehf. um leyfi til yfirborðsrannsókna á jarðhita í landi Efri-Reykja og nágrennis á árunum 2024-2025.

Efri Reykjaorka ehf. er með virkjunarleyfi fyrir 2 MWe smávirksjun í landi Efri-Reykja og nýtingarleyfi til handa Efri-Reykjum ehf., heimilar 50 l/s meðalvinnslu á afmörkuðu svæði í landi Efri-Reykja. Boraðar hafa verið 22 grunnar hitastigsholur og tvær rannsóknarholur ER-23 árið 1988 og ER-24 árið 2022. Rannsóknarholan ER-23 hefur verið virkjuð.

Tilgangur rannsókna er að ná til stærra svæðis en núverandi leyfi heimilar og afla frekari upplýsinga um jarðhitakerfið ásamt því að uppfæra hugmyndalíkan fyrir auðlindina áður en farið er í frekari aðgerðir um aukna nýtingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér leyfisumsókn Efri Reykjaorku ehf. og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í umsókninni er ekki fjallað um náttúruverndarsvæði sem skarast við rannsóknarsvæðið. Rannsóknarsvæðið skarast að hluta til við svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar (C-hluti), Brúará og Brúarskörð (nr. 739), og er svæðið jafnframt tillaga Náttúrufræðistofnunar á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá (B-hluta), Laugarvatn-Apavatn-Brúará, vegna verndargildis vistgerða, ferskvatnsvistgerða og fugla (sjá <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/laugarvatn-apavatn-bruara>).

Innan rannsóknarsvæðisins austan við Efri-Reyki og í landi Tjarnar eru mikil samfelld votlendissvæði (um 1 km² að flatarmáli) og vestan við Brúará eru náttúrulegir birkiskógar, en þessi náttúruyrirbæri njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (sjá <https://serstokvernd.ni.is/>). Þá eru óröskuð svæði innan rannsóknarsvæðisins sem eru mikilvæg búsvæði mófugla sem taka þarf tillit til.

Ekki kemur fram í umsókninni flatarmál rannsóknarsvæðis eða hversu mikið stærra það er miðað við gildandi virkjunarleyfi. Hins vegar eru mörk rannsóknarsvæðis gerð góð skil á korti og hnitaskrá fylgir með umsókn.

Náttúrufræðistofnun telur að þar sem eingöngu er um yfirborðsrannsóknir að ræða sé lítil hætta á að náttúruminjar innan svæðisins verði fyrir raski og leggst ekki gegn veitingu rannsóknarleyfis með þeim aðferðum sem lýst er í umsókn. Hins vegar ef farið verður í aukna



jarðhitanýtingu og framkvæmdir innan svæðisins er hætta á að náttúruminjar með hátt verndargildi verði fyrir raski.

Virðingarfyllt,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

